

RAFÆNT SAMFÉLAG

Verkefnislýsing

Janúar 2003



BYGGÐASTOFNUN

Efnisyfirlit:

Efnisyfirlit:	2
1. Inngangur	3
2. Hvað er rafrænt samfélag ?	4
3. Þátttaka	4
4. Framkvæmd verkefnisins	5
4.1 Forval	5
4.2 Samkeppnin og lokaval valnefndar	5
4.3 Framkvæmdatími	6
5. Tímaáætlun	7
5.1 Forval (26. jan – 4. mars 2003)	7
5.2 Samkeppni (14. mars – 20. júní 2003)	7
5.3 Framkvæmdatími (júní 2003 – júní 2006)	7
6. Ýmsar upplýsingar	8
Viðauki 1 – Valmælikvarðar í forvali.	9
A Framtíðarsýn – hvert er stefnt? (25%)	9
B Hvert er verkefnið - hvað á að gera?	9
B1 Rafræn þjónusta (40%)	9
B2 Rafræn grunngerð (15%)	10
C Þátttaka íbúa - hvernig verða íbúar þátttakendur í verkefninu? (20%)	11
Viðauki 2 – Leiðbeiningar við gerð umsóknar vegna forvals	12
A Lykilupplýsingar (<i>hámark þrjár blaðsíður</i>)	12
B Hugmyndir og framkvæmd þeirra (<i>hámark þrjár blaðsíður</i>)	12
D Frágangur á umsókn í forval	12
E Skilafrestur í forvali	13
Viðauki 3 – Upplýsingar um fjármögnun verkefna sem valin verða í lokavali samkeppninnar.	14
Viðauki 4 – Þingsályktun um stefnu í byggðamálum 2002-2005 og tillaga nr.11 um rafræn samf....	15

Innibald þessa skjals er eingöngu til kynningar á verkefninu Rafrænt samfélag, texti þess hefur enga lagalega bindingu.

1. Inngangur

Á komandi árum mun þróun búsetu og atvinnulífs á landsbyggðinni að hluta byggjast á því hvernig einstaklingum og fyrirtækjum tekst að hagnýta sér þá möguleika sem felast í upplýsinga- og fjarskiptatækni. Í þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005 sem samþykkt var á Alþingi 3. maí 2002 er kveðið á um röð verkefna í þeim tilgangi að framfylgja ályktuninni. Eitt þeirra er verkefni sem nefnt er *Rafrænt samfélag* og var Bygðastofnun falin framkvæmd verkefnisins.

Meginhugmynd verkefnisins er að hrinda í framkvæmd metnaðarfullum aðgerðum sem hafa það að markmiði að auka nýsköpun í atvinnulífi og bæta afkomu íbúanna, auka menntun og menningarstarfsemi, bæta heilsugæslu og félagslegar aðstæður og efla lýðræðið (sjá nánar í viðauka 4).

Markmið verkefnisins er að treysta stöðu upplýsingasamfélagsins á landsbyggðinni svo íbúar hennar geti á sem bestan og hagkvæmasta hátt nýtt sér þann ávinning sem upplýsinga- og fjarskiptatæknin býður upp á.

Verkefninu Rafrænt samfélag er ætlað að hafa viðtæk áhrif á þróun viðkomandi byggðarlaga og er þeim ætlað að verða fyrirmyndir fyrir önnur byggðarlög sem munu geta hagnýtt sér reynslu þeirra og þekkingu.

Bygðastofnun hefur ákveðið að efna til samkeppni um verkefnið *Rafrænt samfélag* og fjallar þessi verkefnislýsing um framkvæmd og skipulag samkeppninnar. Í samkeppninni verða tvö til fjögur byggðarlög á landsbyggðinni valin til að taka þátt í þróunarverkefnum á árunum 2003 - 2006. Fyrir valinu verða þau byggðarlög sem sýnt geta fram á mestan ávinning fyrir íbúana og atvinnulífið.

Bygðarlögin fá framlag frá íslenska ríkinu til að hrinda í framkvæmd eigin hugmyndum og áætlunum er lúta að framgangi upplýsingasamfélagsins á þeirra svæði. Framlag ríkisins er háð því skilyrði að viðkomandi byggðarlög leggi á móti framlag sem er a.m.k. jafnhátt framlagi ríkisins. Stefnt skal að því að verkefnið geti haldið áfram eftir að fjárstuðningi við þau lýkur, þar sem það á við.

2. Hvað er rafrænt samfélag ?

Með rafrænu samfélagi er átt við samfélag sem hefur byggt upp innviði fyrir miðlun rafrænna upplýsinga, innleitt notkun þeirra og komið á upplýsingaveitum til að þjóna sem best víðtækum þörfum almennings og atvinnulífs. Rafrænt samfélag hefur skýra framtíðarsýn um notkun og miðlun upplýsinga á nýjan og hagkvæman hátt, íbúum, fyrirtækjum og stofnunum til hagsældar.

Byggt er á skýrum markmiðum og vel skilgreindum leiðum til að ná þeim.

Verkefnin geta t.d. verið á sviði atvinnuþróunar, heilbrigðis- og öldrunarþjónustu, fjarvinnu, viðskipta, ferðaþjónustu, menntunar, félagsþjónustu hverskonar, húsnæðismála, aðgengis að stjórnvöldum, menningar, afþreyingar og fleira.

3. Þátttaka

Rétt til þátttöku í forvali og samkeppni hafa sveitarfélög á starfssvæði Byggðastofnunar. Samkvæmt 17. gr. reglugerðar um Byggðastofnun er starfssvæði stofnunarinnar landsbyggðin, Eftirtalin sveitarfélög falla ekki undir starfssvæði stofnunarinnar: Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Bessastaðahreppur, Kópavogskaupstaður, Seltjarnarneskaupstaður, Reykjavíkurborg og Mosfellsbær.

Í verkefninu er byggðarlag ekki skilgreint sem sveitarfélag eða sveitarfélög í skilningi laga, heldur sem afmarkað svæði sem getur samanstðið af bæði þéttbýli og dreifbýli. Byggðarlag getur þess vegna verið hluti sveitarfélags eða fleiri saman. Umsækjendur geta því verið eitt sveitarfélag eða fleiri.

Þrátt fyrir að þátttakendur skuli vera sveitarfélög er ekki skilyrði að öll verkefni eða hugmyndir sem unnið verður að séu unnin af viðkomandi sveitarfélögum eða undirstofnunum þeirra. Gert er ráð fyrir að umsækjendur geti haft samstarfsaðila til að vinna ákveðin verkefni, eða annast umsjón verkefnisins, báðum aðilum til hagsbóta. Hluti áætlaðra mótframlaga getur komið frá viðkomandi samstarfsaðilum í þeim tilfellum þar sem það á við.

Skilyrði fyrir þátttöku er að fyrir liggja staðfest umboð frá því sveitarfélagi / þeim sveitarfélögum sem standa að umsókn. Sé þetta skilyrði ekki uppfyllt áskilur Byggðastofnun sér rétt til að hafna viðkomandi umsókn.

Nánari leiðbeiningar við frágang umsóknar vegna forvals er að finna í Viðauka 2.

4. Framkvæmd verkefnisins

Efnt verður til samkeppni um rafrænt samfélag á starfssvæði Byggðastofnunar þar sem tvö til fjögur framsækin byggðarlög verða valin til þess að framkvæma tillögur sínar.

Sérstök verkefnisstjórn skipuleggur samkeppnina, fylgist með framvindu, veitir leiðsögn, metur árangur og sér til þess að unnar verði lokaskýrslur. Í verkefnisstjórn sitja Áskell Heiðar Asgeirsson, Sigríður Elín Þórðardóttir og Þórarinn Sólmundarson frá Byggðastofnun og Anna Guðrún Björnsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Framkvæmdin skiptist í meginatriðum í þrjá áfanga:

- Fyrsti áfangi er forval.
- Annar áfangi er sjálf samkeppnin þar sem fjögur til átta byggðarlög keppa um tilnefningu sem *rafrænt samfélag*.
- Þriðji áfangi er þriggja ára framkvæmdartími þar sem tvö til fjögur byggðarlög innleiða áætlanir sínar um rafrænt samfélag.

4.1 Forval

Samkeppnin mun fara þannig fram að fyrst verður auglýst eftir umsóknum frá þeim byggðarlögum sem hafa áhuga á því að taka þátt í samkeppni um það að verða rafrænt samfélag.

Í forvalinu er fyrst og fremst verið að leita eftir hugmyndum að hagnýtri notkun fjarskipta- og upplýsingatækni hjá viðkomandi byggðarlagi. Það verður talið hugmyndum til tekna að þær hafi breiða skírskotun þ.e. geti einnig nýst öðrum byggðarlögum.

Umsókn um þátttöku í forvali verður að innihalda vel skilgreinda og trúverðuga framtíðarsýn fyrir viðkomandi byggðarlag ásamt greinargóðum skýringum á því hvernig eigi að framkvæma þá sýn.

Í umsókn skal fjalla um núverandi notkun fjarskipta- og upplýsinga í byggðarlaginu.

Umsóknin á að hjálpa valnefndinni að skynja mikilvægi hins áformaða verkefnis hvað varðar efnahagslegan, félagslegan og menningarlegan ávinning samfélagsins.

Við gerð umsóknar skal stuðst við valmælikvarða sem kynntir eru í Viðauka 1.

Leiðbeiningar um frágang umsókna eru í Viðauka 2.

Sérstök valnefnd skipuð af iðnaðar- og viðskiptaráðherra mun á grundvelli umsókna, velja fjögur til átta byggðarlög úr hópi umsækjenda sem verður boðið að taka þátt í samkeppninni. Valið mun eingöngu byggja á umsóknum, en valnefnd áskilur sér rétt til að óska eftir frekari upplýsingum um ákveðin efnisatriði umsóknar. Þau fjögur til átta byggðarlög sem valin verða til að taka þátt í samkeppninni fá framlag að hámarki kr. 2 milljónir hvert. Framlagið skal nýtt til að ganga frá viðskiptaáætlunum, markmiðssetningum og nánari útfærslum á þeim hugmyndum sem umsóknirnar byggja á, skv. upplýsingum sem kynntar verða síðar.

4.2 Samkeppnin og lokaval valnefndar

Í samkeppninni er verið að leita eftir framkvæmd hugmynda. Þar skulu byggðarlögin lýsa í einstökum atriðum hvernig þau hyggjast útfæra þær hugmyndir sem komu fram í forvalinu.

Þátttakendur í samkeppninni skulu leggja fram viðskiptaáætlanir þar sem tekið er á öllum hliðum stefnumörkunar, rekstrar og fjármögnunar í áætluðum verkefnum.

Þá skal tilgreint hvernig þátttakendur áætla að halda verkefnum áfram eftir að fjárstuðningi við þau lýkur.

Valnefndin mun velja tvö til fjögur byggðarlög sem rafræn samfélög á grundvelli endanlegra útfærslna þátttakenda á hugmyndum sínum. Valnefnd metur umsóknir í samkeppninni út frá ákveðnum valmælikvörðum sem kynntir verða þátttakendum síðar. Nefndin vinnur eingöngu úr þeim gögnum sem lögð verða fram innan skilafrests og er ekki hægt að áfrýja ákvörðunum hennar.

Byggðastofnun gerir sérstakan verkefnissamning við þau byggðarlög sem verða valin. Þar munu koma fram framlög ríkisins, verkefnisáfangar, greiðsluáætlanir, mótframlag byggðarlagsins og áætlaður árangur. Þá verður samið sérstaklega um fyrirkomulag vöktunar verkefnisins en hún verður í höndum verkefnisstjórnar.

4.3 Framkvæmdatími

Þau tvö til fjögur byggðarlög sem verða valin til þess að vera rafræn samfélög fá þrjú ár til þess að framkvæma hugmyndir sínar. Í þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005 segir að veita skuli 30-40 milljónum króna á ári í 3-4 ár úr ríkissjóði til verkefnisins í heild.

Byggðarlögin sem verða valin fá til framkvæmda á þriggja ára tímabili framlag úr ríkissjóði, á móti a.m.k. jöfnu eigin framlagi (sjá nánari skilgreiningu í Viðauka 3). Áætlað er að samtals verði varið til þeirra byggðarlaga sem valin verða í lokavali að hámarki kr. 120 milljónum.

Þessi byggðarlög fá þar með kraftmikinn hvata til að efla stöðu sína með hagnýtingu upplýsingartækninnar. Jafnframt verður lögð rík áhersla á að stefnumörkun, kunnátta og áunnin þekking þessara byggðarlaga nýtist öðrum byggðarlögum í framtíðinni.

Verkefnisstjórn fylgist með framvindu verkefnisins. Í lok framkvæmdatíma skulu þátttakendur skila lokaskýrslu til verkefnisstjórnar.

5. Tímaáætlun

5.1 Forval (26. jan – 4. mars 2003)

Auglýst eftir umsóknum í forval	26. jan. 2003.
Samkeppnisgögn tilbúin til afhendingar	27. jan. 2003
Samkeppnisgögn send öllum sveitarfélögum á landsbyggðinni	27.-28. jan. 2003
Verkefnið kynnt á fjarfundi	3. feb. 2003 kl. 14.00
Skilafrestur spurninga í forvali	28. feb. 2003
Skilafrestur umsókna vegna þátttöku í forvali	4. mars 2003 kl 14.00
Valnefnd tilkynnir um val á 4 – 8 þátttakendum í samkeppni	14. mars 2003

5.2 Samkeppni (14. mars – 5. júní 2003)

Lokaskil í samkeppni	5. júní 2003 kl. 14.00
Valnefnd skilar niðurstöðu um val á 2 – 4 þátttakendum	20. júní 2003

5.3 Framkvæmdatími (júní 2003 – júní 2006)

Verkefnalok	20. júní 2006
Lokaskýrsla – kynning á niðurstöðum	15. sept. 2006

6. Ýmsar upplýsingar

6.1 Umsjónaraðili.

Ríkiskaup annast framkvæmd forvals og samkeppni fyrir hönd Byggðastofnunar. Heimilisfang umsjónaraðila er:

RÍKISKAUP	
Borgartúni 7,	Sími: 530 1400
105 Reykjavík	Netfang: utbod@rikiskaup.is
Ísland	
Verkefnastjóri: Guðmundur Hannesson	

6.2 Fyrirspurnir

Ef frekari upplýsinga er óskað, skal það gert skriflega til útbodsfulltrúa hjá Ríkiskaupum (netfang: utbod@rikiskaup.is).

Leitast er við að svara fyrirspurnum jafnóðum og þær berast. Allar fyrirspurnir skulu hafa borist eigi síðar en 7 almanaksdögum fyrir skilafrest í forvali og verður þeim svarað ekki síðar en 4 almanaksdögum fyrir skilafrest.

Fyrirspurnir og svör við þeim verða birt á vef Byggðastofnunar og á vef Ríkiskaupa.

Óski þátttakendur upplýsinga eða útskýringa á forvalsgögnum skulu þeir með fyrirspurn sinni vísa í númer þeirra greina sem skýringa er óskað á.

6.3 Skil umsókna í forval

Þeir sem áhuga hafa á að taka þátt í forvalinu skulu leggja fram umsóknir í sjö eintökum innan tilgreinds skilafrests (sjá grein 5.1). Umsóknum skal skila í lokuðu umslagi með umbeðnum upplýsingum til umsjónaraðila forvals þannig merktu:

<p style="text-align: center;">Rafrænt samfélag Ríkiskaup Borgartún 7 105 Reykjavík (Umslög skulu merkt þátttakendum)</p>
--

Nöfn umsækjenda verða birt á vef Byggðastofnunar og á vef Ríkiskaupa. Umsóknir sem berast eftir að tilgreindur skilafrestur rennur út verða ekki teknar til greina.

6.4 Tilkypping um ákvörðun

Þegar ákvörðun liggur fyrir verður öllum þeim sem taka þátt í forvalinu tilkynnt um endanlega niðurstöðu. Auk þess sem verður þeim sem veljast til þátttöku í samkeppninni send gögn þar að lútandi.

Viðauki 1 – Valmælikvarðar í forvali.

Í forvali er fyrst og fremst verið að óska eftir hugmyndum. Allar umsóknir sem berast í forval verða metnar á grundvelli eftirfarandi valmælikvarða. Þessir mælikvarðar standa fyrir lykilþættina í rafrænu samfélagi og eru því leiðbeinandi fyrir byggðarlög sem vilja marka sér rafræna heildarstefnu.

Mælikvarðarnir hafa mismikið vægi sbr. hlutfall fyrir aftan hvern þeirra.

Framtíðarsýn - hvert er stefnt?	(25%)
Hvert er verkefnið – hvað á að gera?	
- rafræn þjónusta	(40%)
- rafræn grunngerð	(15%)
Þátttaka íbúa - hvernig verða íbúar þátttakendur í verkefninu?	(20%)

A. Framtíðarsýn – hvert er stefnt? (25%)

Eitt mikilvægasta atriðið sem þarf að koma fram í umsókn er trúverðug og metnaðarfull framtíðarsýn og markmið.

Við mótun framtíðarsýnar skal leitast við að skapa verkefni sem nýta fjarskipta- og upplýsingatækni og taka á sem flestum eftirfarandi þáttum:

- auka nýsköpun í atvinnulífi
- bæti afkomu íbúanna
- auki menntun og menningarstarfsemi
- bæti heilsugæslu og félagslegar aðstæður
- efla lýðræðið

Meðal atriða sem valnefnd mun líta til við mat á þessum lið umsókna er að fram komi frumlegar, metnaðarfullar og trúverðugar hugmyndir.

B. Hvert er verkefnið - hvað á að gera?

Í þessum hluta umsókna skal fjalla um tillögur að verkefnum og framkvæmd þeirra. Verkefni geta verið á sviði rafrænnar þjónustu og/eða rafrænnar grunngerðar.

B1 Rafræn þjónusta (40%)

Þjónusta er rafræn þegar notendur hennar geta tekist á við viðskiptaleg og persónuleg viðfangsefni með hjálp fjarskipta- og upplýsingatækni. Rafræna þjónustu má inna af hendi með gagnvirkum hugbúnaði og margmiðlunarefni til heimila, á vinnustaði eða í aðstöðu fyrir almenning.

Markmið og framtíðarsýn einstakra umsækjenda ráða því á hvers konar þjónustu þeir leggja áherslu.

Hér eru nefndir nokkrir flokkar verkefna sem talist geta rafræn þjónusta. Þessi listi er eingöngu settur fram til að gefa hugmyndir um hugsanleg verkefni og er hann á engan hátt takmarkandi eða bindandi fyrir umsækjendur.

- Rafrænt atvinnulíf
 - Rafrænar undirskriftir*
 - Rafræn bankaþjónusta*
 - Rafræn atvinnumiðlun*
 - Miðlun rafrænna upplýsinga til ferðamanna*

- Rafræn stjórnsýsla
 - Rafræn afgreiðsla*
 - Rafræn upplýsingaveita til íbúa*
 - Rafrænar kosningar*
- Rafrænt lýðræði
 - Beint rafrænt samband íbúa við kjörna fulltrúa*
 - Rafrænar viðhorfskannanir*
 - Rafrænn umræðuvettvangur*
- Rafræn afþreying
 - Rafræn framsetning menningarefnis*
- Önnur rafræn þjónusta
 - Menntun íbúa í bagnýtingu upplýsinga- og fjarskiptatækni*
 - Aðgengi að fjarnámi og dreifmenntun*
 - Uppbygging rafrænnar þjónustu fyrir minnihlutahópa*
 - Uppbygging fjárvinnu á heimilum*
 - Fjarlækningar og almenn heilsugæsla*
 - Dáttaka bókasafna og annarra opinbera aðila í sköpun aðgengis almennings að netinu.*

Auk þess að setja fram tillögur að verkefnum sem lúta að rafrænni þjónustu skulu þátttakendur setja fram hugmyndir sínar um það hvernig þeir hyggjast skapa eftirspurn eftir þeirri rafrænu þjónustu sem ráðgert er að byggja upp, sbr. C-lið hér að neðan.

Mikilvægt er að rafræn þjónustuverkefni verði auðveldlega yfirfæranleg á önnur byggðarlög og mun valnefnd taka sérstakt tillit til þess við mat á umsóknum.

Umsækjendur skulu tryggja að áformuð rafræn þjónusta sé grundvölluð á opnum alþjóðlegum stöðlum.

Valnefnd mun fyrst og fremst líta til eftirfarandi þátta við mat á þeim rafrænu þjónustuverkefnum sem kynnt verða:

- að þau séu auðveldlega yfirfæranleg yfir á önnur sveitarfélög
- að þau séu líkleg til að ná til mikils fjölda íbúa
- að þau séu metnaðarfull, trúverðug og falli vel að viðkomandi byggðarlagi

B2 Rafræn grunngerð (15%)

Með rafrænni grunngerð er átt við nettengingar, kerfi og annan vél- og hugbúnað sem notaður er í fjarskiptum, útsendingum og tölvusamskiptum. Hún tryggir tvíhliða háhraðamiðlun með nægri bandbreidd til að styðja þá rafrænu þjónustu sem fyrirhuguð er. Í umsókn skal fjallað um núverandi rafræna grunngerð byggðarlagsins.

Valnefnd mun fyrst og fremst líta til þess við mat á umsóknum að umsókn innihaldi drög að áætlun um uppbyggingu kerfis sem tryggir tvíhliða, háhraðatengingar til að styðja rafræna þjónustu.

C. Þátttaka íbúa - hvernig verða íbúar þátttakendur í verkefninu? (20%)

Almenn þátttaka íbúa er lykilatriði í rafrænu samfélagi. Þar af leiðandi verður litið sérstaklega til þess við mat á umsóknum hvernig umsækjendur ætla að ná til sem flestra einstaklinga og hópa með það fyrir augum að verkefnið hafi sem víðtækust áhrif.

Sú þjónusta sem gert er ráð fyrir að byggja upp skal vera sem flestum aðgengileg og tekið skal á mögulegum hindrunum sem geta skapast af ýmsum þáttum svo sem fötlun, lágum tekjum, þjóðerni, öldrun, menntunarstigi, dreifbýli, búsetu fjarri vinnustað og fleiru.

Í áætlunum umsækjenda skal fjallað um hvernig tryggja megi stöðug og gagnvirk samskipti við íbúa með það markmiði að halda þeim upplýstum um hverskonar hagsbætur tengdar verkefninu. Stefnt skal að því að verkefnið leiði til aukinnar þátttöku íbúanna í lýðræðislegum ákvörðunum og félagsstarfi, efla menntun og menningarstarf og auki öryggi þeirri.

Mikilvægt er að fram komi hvernig íbúar bæði þéttbýlis og dreifbýlis muni njóta fyrirhugaðrar uppbyggingar, þar sem það á við.

Viðauki 2 – Leiðbeiningar við frágang umsóknar vegna forvals

Eftirfarandi atriði skulu koma fram í umsókn og eru forsendur fyrir því að hún sé fullnægjandi:

A. Lykilupplýsingar (*hámark þrjár blaðsíður*)

- **Nafn verkefnis:**
 - Nafn áformaðs verkefnis eins og það ætti að birtast vegna útgáfu eða miðlunar.
- **Byggðarlag:**
 - Landfræðilegt svæði sem verkefnið tekur til.
- **Verkefnisstjórn:**
 - Hvernig hyggst umsækjandi standa að stjórnun verkefnisins frá upphafi til enda.
- **Viljayfirlýsingar um samstarf:**
 - Skilyrði fyrir þátttöku er að fyrir liggi staðfest umboð frá þeim sveitarfélögum sem standa að umsókn.
 - Yfirlýsingar frá þeim sem hyggjast taka þátt í verkefninu þurfa að fylgja.
- **Fjárhagsáætlun:**
 - Tilgreina verður þá heildarupphæð sem farið er fram á frá ríkinu á verkefnistímabilinu (samtals að hámarki kr. 60 milljónir) og það mótframlag sem viðkomandi umsækjandi hyggst leggja til. Mótframlag verður að vera að lágmarki 50% af heildarkostnaði við verkefnið og það má greiða að hluta með vinnuframlagi, tækjum og aðstöðu (sjá nánari skilgreiningar í Viðauka 3).
- **Undirritun:**
 - **Umsókn skal undirrituð af forsvarsmönnum þess sveitarfélags eða þeirra sveitarfélaga sem að henni standa.**

B. Hugmyndir og framkvæmd þeirra (*hámark þrjár blaðsíður*)

Í þessum kafla skal gera grein fyrir framtíðarsýn byggðarlagsins, hugmyndum um verkefni og framkvæmd þeirra og umfjöllun um það hvernig umsækjendur hyggjast ná til íbúa.

Kaflanum skal skipt niður á eftirfarandi hátt (sjá Viðauka 1):

- Framtíðarsýn - hvert er stefnt?
- Hvert er verkefnið – hvað á að gera?
 - rafræn þjónusta
 - rafræn grunngerð
- Þátttaka íbúa - hvernig verða íbúar þátttakendur í verkefninu?

C. Aðrar upplýsingar (*hámark tvær blaðsíður*)

Hér eru tilgreindir nokkrir aðrir þættir sem fjalla skal um í umsókn.

- Stöðumat: Óskað er eftir stuttri greinargerð um það hvernig upplýsinga- og fjarskiptatekni hefur nú þegar gagnast byggðarlaginu og breytt því hvernig fólk lifir, vinnur og stundar afþreyingu.
- Annað: Óskað er eftir öðrum hugleiðingum sem umsækjendur telja að koma muni umsókn sinni til góða.

D. Skil umsókna í forval

Sjá kafla 6.3

E. Skilafrestur í forvali

Sjá kafla 5.1

Viðauki 3 – Upplýsingar um fjármögnun verkefna sem valin verða í lokavali samkeppninnar.

Mótframlög þátttakenda

Mótframlag þátttakenda í fjármögnun verkefna skal vera a.m.k. 50% af heildarkostnaði.

Mótframlög má leggja fram með:

- Beinum fjárframlögum, a.m.k. 50% af mótframlagi þátttakenda
- Vinnuframlagi starfsmanna
- Húsnæði, tölvubúnaði, aðstöðu og öðru sem fellur undir beinan rekstrarkostnað.

Gerð er krafa um að sérstakt bókhald sé haldið um verkefnið.

Útgjöld og skuldbindingar sem stofnað var til fyrir lokaval verkefna er ekki hægt að fá greiddar.

Þær áætlanir sem hér eru kynntar eru settar fram með fyrirvara um að fjármagn fái til verkefnisins Rafrænt samfélag á fjárlögum hvers árs.

Viðauki 4 – Þingsályktun um stefnu í byggðamálum 2002-2005 og tillaga nr. 11 um rafræn samfélög.

127. löggjafarþing 2001–2002.
Þskj. 843 — 538. mál.

Þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi áætlunar um byggðamál fyrir árin 2002–2005. Meginmarkmið áætlunarinnar verði eftirfarandi:

- a. Að draga úr mismun á lífskjörum og afkomumöguleikum fólks milli byggðarlaga í landinu og skapa íbúum á landsbyggðinni sem hagstæðust búsetuskilyrði.
- b. Að aðstoða byggðarlög á landsbyggðinni við að laga sig að örri samfélagsþróun og hröðum breytingum í atvinnuháttum með því að efla sveitarfélögin, veita markvissan stuðning við atvinnuþróun, menntun, trausta samfélagsþjónustu og uppbyggingu grunn gerðar.
- c. Að treysta búsetuskilyrði á landsbyggðinni með því að efla þau byggðarlög sem eru fjölmennust, hafa mest aðdráttarafl fyrir fólk og bestu möguleika til uppbyggingar atvinnu lífs, skóla, menningarlífs og opinberrar þjónustu.
- d. Að auðvelda byggðum landsins að rækta menningu sína, auðga með því þjóðlífið og skapa fjölbreytilegri kosti fyrir borgarana í búsetu og lífstíl. Í því felst m.a. að stuðla að varðveislu byggðar sem á sér rótgróna sögu og hefur menningarsögulegt gildi, svo og að virða tengsl fólks í fámennum byggðarlögum við áttaha sína með því að gera þeim kleift að búa þar áfram.
- e. Að stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi, jöfnun starfsskilyrða og að fyrirtæki á landsbyggðinni geti nýtt atvinnukosti sína sem best með sjálfbæra nýtingu auðlinda og góða um gengni um náttúru landsins að leiðarljósi.

11. Verkefnið „rafrænt samfélag“.	
<i>Meginhugmynd</i>	Stofnað verði til verkefnisins „rafrænt“ samfélag, sem felur í sér að bjóða 2–3 framsæknum byggðarlögum framlag úr ríkissjóði á móti eigin framlagi til að hrinda í framkvæmd metnaðarfullum aðgerðum sem hafa að markmiði að auka nýsköpun í atvinnulífi og bæta afkomu íbúanna, auka menntun og menningarstarfsemi, bæta heilsugæslu og félagslegar aðstæður og efla lýðræðið.
<i>Markmið</i>	Þróun búsetu og atvinnulífs á landsbyggðinni mun m.a. byggjast á því hvernig einstaklingum og fyrirtækjum tekst að tileinka sér upplýsinga- og fjarskiptatæknina og hagnýta sér hina margvíslegu notkunarmöguleika hennar. Netnotkun á Íslandi er með því mesta sem gerist í heiminum, enda er markviss notkun netsins einn mikilvægasti þáttur í því að bæta alþjóðlega samkeppnisstöðu okkar. Til þess að landsbyggðin verði virkur þátttakandi í þessari þróun þarf að treysta stöðu „upplýsingasamfélagsins“ úti um landið. Í þeim tilgangi er lögð fram þessi tillaga að framsæknu reynsluverkefni sem getur orðið fyrirmynd að uppbyggingu upplýsingasamfélagsins víðs vegar um land.
<i>Ábyrgð á framkvæmd</i>	Byggðastofnun.
<i>Aðrir þátttakendur</i>	Samband íslenskra sveitarfélaga og þau 2–3 byggðarlög sem valin verða til þátttöku í verkefninu.
<i>Tímaáætlun</i>	2002–2005.
<i>Kostnaður</i>	30–40 milljónir kr. á ári í 3–4 ár.
<i>Annað</i>	Hliðstætt verkefni hefur gefið góða raun í Kanada.